



28. stjórnarfundur LH
11. maí 2022 kl. 16:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Gréta V. Guðmundsdóttir, Siguroddur Pétursson, Einar Gíslason, Hákon Hákonarson, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, úr aðalstjórn. Aníta Aradóttir og Lilja Reynisdóttir úr varastjórn

Fjarverandi: Ómar Ingi Ómarsson og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 27. fundar

2. Horses of Iceland - kynning frá Jelenu Ohm verkefnastjóra HOI

Verkefnið var fyrst stofnað árið 2016 og meginmarkmið verkefnisins er að auka gjaldeyristekjur af hestamennsku. Verkefnið var fyrst fjármagnað til 3ja ára og svo framlengt um 18 mánuði í senn. Nýlega var undirritaður samningur til þriggja ára, 2022-2025. Áhersla á næstunni er á komandi kynslóðir og verður lögð áhersla m.a. á dag æskunnar á næsta ári.

3. Heimild stjórnar til að leiðrétta eða breyta útslitum móta

Stjórn barst erindi frá keppanda í 2. sæti í fimmgangi ungmenna á Íslandsmóti 2021, þar sem keppandinn fer fram á að LH tilkynni sig sem réttmætan sigurvegara í fimmgangi ungmenna í ljósi túlkunar sportnefndar FEIF á reglum um skeifumissi. Stjórn óskaði eftir túlkun laganeftndar á því hvort stjórn hafi heimild til að leiðrétta eða breyta úrslitum móta.

Álit laganeftndar er á þá leið að í lögum eða reglum LH sé ekki að finna ákvæði sem heimila stjórn að ógilda árangur knapa eða kæra úrslit móta eftir að kærufrestur er liðinn. Þá verði af dómi ÍSÍ nr. 9/2020 ekki dreginn önnur ályktun en að það sé ekki að finna skýra heimild í lögum LH fyrir stjórn til að beina málum til aganeftndar eftir að kærufrestur er liðinn. Þar sem allir kærufrestir voru liðnir þegar LH barst áðurneftndur tölvupóstur frá keppanda í 2. sæti, verður ekki annað séð en að niðurstaða úrslita í fimmgangi ungmenna F1 á Íslandsmóti 2021 sé bindandi.

Afgreiðsla: Samþykkt að fylgja álitu laganeftndar, stjórn telur sig ekki hafa heimild til að leiðrétta eða breyta úrslitum móta.

4. Álit laganeftndar um hvort breyta þurfi agareglum með vísan í dóm ÍSÍ nr. 6/2021

Að beiðni keppnisneftndar óskaði stjórn eftir álitu laganeftndar á því hvort breyta þurfi reglum varðandi agabrot með vísan í dóm ÍSÍ í máli nr. 6/2021.

Álit laganeftndar er á þá leið að eðlilegt og rétt sé að endurskoða reglugerð um aganeftnd, agareglur og ákveði um viðurlög við agabrotum með tilliti til aldurs keppenda.

Eining óskaði keppnisneftnd eftir álitu laganeftndar á því hvort niðurstaða dómsins í því máli hafi verið sú að fella niður allt keppnisbannið eða einungis þær tvær vikur sem aganeftnd LH hafði úrskurðað til viðbótar við ákvörðun yfirdómneftndar.



Álit laganefndar er á þá leið að dómstóll ÍSÍ hafi úrskurðað að yfirdómnefnd hafi ekki heimild til að ákveða keppnisbann eða lengd þess og því hafi það ekki þýðingu í skýrslu dómnefndar að viðkomandi hafi fengið 2ja vikna keppnisbann. Dómurinn fellir úr gildi þá ákvörðun aganefndar LH að kærandi fengi mánaðar keppnisbann.

Afgreiðsla: Málið rætt.

5. Survive Iceland

AA fór yfir stöðuna á undirbúningi fyrir Survive Iceland sem fer fram 25. til 28. ágúst nk. Erfiðlega hefur gengið að fá styrktaraðila inn í verkefnið, einnig gengur erfiðlega að finna hesta fyrir liðin. Búið er að tryggja 8 liðum hesta en stefnt er að því að ná 10 liðum. Erlent kvikmyndatökulið hefur áhuga á að koma og mynda keppnina. Guðrún Stefánsdóttir, lektor á Hólum hefur áhuga á að gera rannsóknir á hestunum á meðan á keppni stendur.

Afgreiðsla: Samþykkt að óska eftir liðsinni HOI við kynningu á Survive Iceland.

6. Landsþing LH 2022

Lagt er til að fela Hestamannafélaginu Fáki að halda landsþing LH 4. til 5. nóvember nk., á afmælisári Fáks.

Afgreiðsla: Samþykkt að fela Fáki að halda landsþing dagana 4. og 5. nóvember.

7. Allra sterkustu - uppgjör

Fjáröflunarviðburður landsliðsnefndar var haldinn 20. apríl sl. Viðburðurinn ásamt stóðhestaveltu landsliðsins skiluðu um 7.500.000 kr. í hagnað.

Afgreiðsla: Stjórn lýsir yfir ánægju með hvernig til tókst og færir þakkir til þeirra sem komu að undirbúningi og framkvæmd. Einnig sérstakar þakkir til stóðhesteigenda sem gáfu tolla undir hesta sína til styrktar landsliðinu.

8. Starfsmannamál

a. Starf afreks- og mótastjóra

Lagt er til að stofnað verði nýtt stöðugildi á skrifstofu, staða afreks- og mótastjóra LH. Í starfinu felst annars vegar að halda utan um afreksstarf sambandsins og undirbúa þátttöku landsliðs á stórmótum og hins vegar að halda utan um keppnis- og mótamál LH, auk þess að sinna í daglegum störfum á skrifstofu eftir þörfum.

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra falið að búa til starfslýsingu og senda á stjórn til umfjöllunar.

b. Starf umsjónarmanns á Skógarhólum

Starf umsjónarmanns á Skógarhólum var auglýst til umsóknar. Tólf umsóknir bárust, tekin verða viðtöl við valda umsækjendur og í framhaldi gengið frá ráðningu í næstu viku.

Afgreiðsla: Til upplýsingar.

9. Önnur mál



a. *FEIF þing*

Góðar umræður fóru fram í öllum nefndum og var almenn ánægja með þingið.

b. *Íslandsmót barna og unglina - farandgripir*

Samþykkt að endurtaka leikinn frá því af Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna í fyrra og auglýsa eftir félögum til að styrkja veglega verðlaunagripir í öllum greinum.

d. *Fundir LM ehf. með landsmótshöldurum 2022 og 2024, Rangárbökkum og Spretti.*

Framundan er fundur stjórnar LM ehf. með framkvæmdanefnd Landsmóts á Hellu. Einnig stendur til að hitta stjórn Hestamannafélagsins Sprettis til að fara yfir undirbúning fyrir Landsmót 2024.

e. *Skeið í gegnum höll á Allra sterkustu*

Siguroddur lýsti yfir óánægju með þá ákvörðun landsliðsnefndar að hafa á dagskrá Allra sterkustu skeið í gegnum höll eftir að stjórn LH gaf út tilmæli um að halda kappreiðaskeið utanhúss þar sem hægt er að koma því við. Landsliðsnefnd fól mannvirkjanefnd LH að taka út aðstæður áður en keppni í flugskeiði fór fram, til að tryggja öryggi keppenda.

Fundi slitið kl. 18.20